

Ár 2010, miðvikudaginn 7. apríl kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Herdís Þórðardóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var einróma:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar óskar Meistaraflokki kvenna í körfuknattleik innilega til hamingju með glæstan árangur en liðið lenti í öðru sæti Íslandsmótsins í gærkvöldi. Árangur liðsins er ungmennum bæjarins og ekki síst stúlkum hvatning til frekari afreka. Bæjarráð vill ennfremur þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem með óeigingjörnu starfi sínu hafa lyft grettistaki í íþróttalífi Hvergerðinga og gert árangur sem þennan að veruleika. Bæjarráð samþykkir að veita meistaraflokki kvenna 250.000 krónur sem viðurkenningu fyrir þennan góða árangur.

Formaður lagði jafnframt fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var einróma:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar mótmælir harðlega öllum áformum um innheimtu veggjalda á stofnbrautum út af höfuðborgarsvæðinu enda ganga slík áform þvert á stefnu stjórnvalda um suðvestursvæðið sem eitt atvinnu- og búsetusvæði eins og kynnt hefur verið í stefnumörkun til framtíðar á vegum ríkisstjórnarinnar. Vegbætur á þessum umferðarþungu og hættulegu stofnæðum eru löngu tímabærar enda hafa loforð ítrekað verið gefin um framkvæmdir við þessar nauðsynlegu úrbætur. Ef nú á að fara úti meiriháttar breytingar á fjármögnun vegakerfis landsmanna þá hljóta þær hinar sömu forsendur að gilda innan höfuðborgarsvæðisins jafnt sem út á landi. Með innheimtu vegtolla á ákveðnum leiðum er verið að skekkja búsetuskilyrði á landinu með þeim hætti að ekki verður við unað.

Þá var gengið til dagskrár:

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 23. mars 2010.**

Í bréfinu er tilkynnt að vegna mikilla anna í ráðuneytinu muni uppkvaðning úrskurðar í stjórnsýslukæru Valgerðar Magnúsdóttur tefjast.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 19. mars 2010.**

Í bréfinu er kynntar vinnureglur um greiðslur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á sérstöku framlagi til að mæta hækkun á greiðslu tryggingagjalds á árinu 2010.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 17. mars 2010.**

Í bréfinu er tilkynnt að Mennta- og menningarmálaráðuneytið ætlar að styrkja Garðyrkju- og blómasýninguna um kr. 200.000.-.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 29. mars 2010.**

Í bréfinu er kynnt skýrsla um samræmd könnunarpróf haustið 2009.

Lagt fram til kynningar og jafnframt vísað til fræðslunefndar.

1.5. **Skipulagsstofnun frá 16. mars 2010.**

Í bréfinu er rætt um synjun umhverfisráðherra á staðfestingu aðalskipulags Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna þess að Landsvirkjun tók þátt í kostnaði við aðalskipulagið.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Verkefnastjórn vegna styrkja til verkefna í þágu langveikra barna og barna með ADHD-greiningu frá 25. mars 2010.**

Í bréfinu er tilkynnt að verkefnastjórn hafi ákveðið að Hveragerðisbæ standi til boða styrkur að fjárhæð 500.000.- kr en Hveragerðisbær skuli sundurgreina upplýsingar um það hvernig honum verði ráðstafað.

Félagsmálastjóra hefur verið falið að koma umbeðnum upplýsingum til verkefnisstjórnar.

1.7. **Félagi íslenskra atvinnuflugmanna frá 25. mars 2010.**

Í bréfinu er hvatnig til sveitarfélaga um að vinna að því að núverandi staðsetning Reykjavíkflugvallar verði til frambúðar í samræmi við fyrri ályktanir FÍA.

Lagt fram til kynningar.

1.8. **Sveitarfélaginu Árborg frá 26. mars 2010.**

Í bréfinu er bókun frá fundi bæjarráðs Árborgar 25. mars s.l vegna fundargerðar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 187.

Bæjarráð tekur undir þá skoðun bæjarráðs Árborgar að svæðið sem hefur verið til skoðunar undanfarið á Nessandi sé afar ákjósanlegt til heildarlausna í úrgangsmálum og lýsir því yfir miklum vonbrigðum með að lending skuli ekki vera í sjónmáli varðandi þá staðsetningu. Bæjarráð bindur vonir við að hægt verði að ná farsælli lendingu í staðarvali hið allra fyrsta enda gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir Sunnlendinga alla.

1.9. **Héraðsnefnd Árnesinga ódagsett.**

Í bréfinu er tillaga til Héraðsnefndar Árnessýslu sem er byggð á áskorun frá Fjallskilaneftnd Ölfusinga.

Bæjarráð samþykkir að Ölfusingar tilnefni fulltrúa í fjallskilaneftnd á fundi Héraðsnefndar fyrir hönd Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.

1.10. **Lögfræðipjónustunni frá 20. mars 2010.**

Með bréfinu sem ritað er fyrir hönd ábúanda á Friðarstöðum fylgdi uppráttur af tillögu til uppbyggingar og lagfæringar á Friðarstöðum.

Þar sem velflest atriði umræddrar tillögu heyrna undir skipulags- og bygginganefnd er nefndinni falið að gefa umsögn um þau atriði. Bæjarstjóra er jafnframt falið að ræða við lögmann ábúanda á Friðarstöðum um önnur atriði með það að markmiði að farsæl lending náist í þeim málum.

1.11. **Brunavörnum Árnassýslu frá 26. mars 2010.**

Í bréfinu er bókun BÁ frá 25. mars s.l. þar sem bókað er að samningur um klippivinnu og þjónustu á svæði Ölfus verði ekki endurnýjaður. Stjórn BÁ lýsir því jafnframt yfir að hún er tilbúin til viðræðna við fulltrúa Hveragerðisbæjar um samstarf í eldvarnareftirliti.

Á fundi bæjarráðs þann 4. mars sl. var bæjarstjóra falið að koma sjónarmiðum Hveragerðisbæjar á framfæri við stjórn BÁ. Var það gert á fundi aðila þann 15. mars sl. Þrátt fyrir bókun fulltrúarráðs þá vill bæjarráð ítreka vilja Hveragerðisbæjar til að sinna útköllum og klippivinnu í vesturhluta Ölfuss með sérstökum samningi milli aðila.

Bæjarstjóra er falið að vinna áfram að farsælli lausn málsins með hagsmuni íbúa í vesturhluta Ölfuss og vegfarenda um Suðurlandsveg í huga.

2. **Fjárhagsleg verkefni:**

Fulltrúi minnihlutans lagði fram eftirfarandi bókun.

Bókun vegna liða 2.1 til 2.4 minnisblöð mannvirkja -og umhverfisfulltrúa um opnun tilboða

Í tveim af þessum tilboðum er kostnaðaráætlun færð inná tilboðin eftirá. Í hinum tveim kemur kostnaðaráætlun ekki fram. Í ljósi þeirra verkefnastöðu sem er hjá verktökum vekur það furðu að flest tilboð skuli vera þó nokkuð yfir kostnaðaráætlun. Undanfarið hefur það verið svo í opinberum útboðum að tilboð í verk eru langt undir kostnaðaráætlun. Þetta vekur því upp þá spurningu hvort nægjanlega vel sé að verki staðið við gerð kostnaðrááætlanna í bæjarfélaginu eða auglýsingum tilboðana verið ábótavant.

Herdís Þórðardóttir

Kl. 18:02 var gert fundarhlé.

Kl. 18:17 hélt fundur áfram.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Meirihluti bæjarráðs vill vekja athygli á þeirri staðreynd að með útboði á garðslætti er verið að lækka kostnað við slátt í bæjarfélaginu um þriðjung þrátt fyrir magnaukningu grænna svæða í bænum. Varðandi önnur útboð

er rétt að halda til haga að hér er um mjög lítil verk að ræða sem að stærstu leyti felast í malbikun án mikilla jarðvegsframkvæmda og því er svigrúm verktaka til lækkunar mjög lítið.

Guðmundur Þór Guðjónsson

Unnur Þormóðsdóttir

- 2.1. **Minnisblað frá Mannvirkja- og umhverfisfulltrúa frá 6. apríl um tilboð í malbikun á plani Breiðumörk 24.**  
Í minnisblaðinu er lagt til að tilboði Ræktunarmiðstöðvarinnar að upphæð kr. 2.866.000.- verði tekið.  
Tillaga Mannvirkja- og umhverfisfulltrúa samþykkt.
- 2.2. **Minnisblað frá Mannvirkja- og umhverfisfulltrúa frá 6. apríl um tilboð í malbikun á göngustígum 2010.**  
Í minnisblaðinu er lagt til að tilboði Ræktunarmiðstöðvarinnar að upphæð kr. 3.175.000.- verði tekið.  
Tillaga Mannvirkja- og umhverfisfulltrúa samþykkt.
- 2.3. **Minnisblað frá Mannvirkja- og umhverfisfulltrúa frá 6. apríl um tilboð í hellulagnir "Hverabakarí-Austurmörk".**  
Í minnisblaðinu er lagt til að tilboði Péturs Reynissonar að upphæð kr. 4.321.650.- verði tekið.  
Tillaga Mannvirkja- og umhverfisfulltrúa samþykkt.
- 2.4. **Minnisblað frá Mannvirkja- og umhverfisfulltrúa frá 6. apríl um tilboð í garðslátt.**  
Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Sláttu- og garðþjónustunnar að upphæð kr. 3.030.143.-.
- 2.5. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 25. mars um stærri vagn á leið 51.**  
Í minnisblaðinu er lagt til að í stað 19 manna vagns komi 35 manna vagn. Það er mat aðila að sú stærð svari í öllum tilvikum um rými, nema þá mögulega einhverjum einstökum afbrigðum sem illgeranlegt og alltof kostnaðarsamt er að bregðast við. Kostnaðarauki við þessa breytingu verði 600.000.- á ári fyrir Hveragerðisbæ.  
Tillagan samþykkt enda rúmast kostnaður við breytinguna innan fjárhagsáætlunar.
- 2.6. **Samningur við brunavarnir Árnassýslu.**  
Lagt fram samkomulag milli Brunavarna Árnassýslu og Hveragerðisbæjar um þjónustu Slökkviliðs Hveragerðisbæjar í vesturhluta Sveitarfélagsins Ölfuss til 15. apríl 2010.  
Samkomulagið samþykkt.
- 2.7. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 6. apríl um tilboð í uppsetningu öryggismyndavéla v. innkeyrslur í bæjarfélagið.**  
Í minnisblaðinu er lagt til að tekið verði tilboði Securitas C að upphæð kr. 2.725.162.- og bæjarstjóra verði falið að undirrita samning þar um. Jafnframt er lagt til að þegar verði hafist handa við uppsetningu vélanna og að kostnaði við verkið verði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Fulltrúi minnihlutans lagði fram eftirfarandi bókun.

Undirrituð bendir á að eitt af fjórum tilboðum Securitas merkt „Securitas C“ sem meirihlutinn vill taka er 60% yfir kostnaðaráætlun. Að auki er óljóst hver endanlegur kostnaður við verkefnið verður né er ekkert um hvað rekstrarkostnaður vegna vélanna sé áætlaður á ári. Jafnframt er í meðfylgjandi tilboði kemur ekki fram hvort um eina eða tvær myndavélar sé að ræða. Heildarstofnkostnaður við þetta verkefni er því minnihlutunum allsendis óljóst en ekki undir 8 mkr, sem er býsna mikið m.v. fjárhagsstöðu bæjarins núna. Í þessu ljósi er eðlilegt að íhuga hvort ekki væri ráðlegt að fresta framkvæmd verkefnisins þar til efnahagur bæjarins verður betri. Undirrituð telur þó að hér sé um þarft verkefni að ræða og mun því ekki greiða atkvæði gegn því ef meirihlutinn telur að fjárhagslegt rými sé til staðar til að hefja framkvæmdir.

Herdís Þórðardóttir

Tillagan samþykkt.

2.8. **Samningur um hönnun og ráðgjöf ásamt sérhönnuðum og fullbúnum heilsustígaskiltum við Heilsustíg ehf.**

Lagður fram samningur við Heilsustíga ehf um hönnun og ráðgjöf ásamt sérhönnuðum og fullbúnum heilsustígaskiltum við gönguleiðina undir Reykjafjalli.

Samningurinn samþykktur.

3. **Starfsmannamálefni:**

3.1. **Bréf frá leikskólastjóra leikskólans Óskaland.**

Lagt fram bréf frá leikskólastjóra leikskólans Óskaland þar sem lagt er til ráðning í 100% stöðu deildarstjóra í Furukoti.

Ráðningin samþykkt.

4. **Fundargerðir til kynningar:**

4.1. **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 17. og 29. mars 2010.**

4.2. **Stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 3. mars 2010.**

4.3. **Stjórnar SASS frá 26. mars 2010.**

4.4. **Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands frá 22. mars 2010.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:55

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Herdís Þórðardóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)